

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags-og viðskiptanefnd

Reykjavík 14. apríl 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægrri þjónustugátt stjórnvalda** (Þingskjal 1082 - 625. mál)

Creditinfo Lánstraust hf. hefur kynnt sér frumvarp fjármála-og efnahagsráðherra um stafrænt pósthólf.

Félagið fagnar framlagningu frumvarpsins og þeim áformum að heimilað verði með lögum að senda einstaklingum og lögaðilum gögn með rafrænum hætti inn á stafrænt pósthólf og að slík sending gagna tryggji að réttaráhrifin verði þau sömu og þegar gögn eru send með bréfpósti.

Þá fagnar félagið þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá því að áform um lagasetninguna voru sett fram sem felast í að heimilt verði að veita öðrum en opinberum aðilum heimild til að birta gögn í pósthólfinu.

Eins og fram kom í umsögn Creditinfo við áform um lagasetninguna, dags. 8. október 2020, þá skylda lög og reglur einkaaðila á mörgum sviðum til að senda einstaklingum og lögaðilum tilkynningar á skráð lögheimili skv. Þjóðskrá.

Creditinfo sem er fjárhagsupplýsingastofa og starfar á grundvelli starfsleyfis frá Persónuvernd skv. 15. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, er til að mynda skylt að senda einstaklingum og lögaðilum tilkynningar um fyrirhugaðar skráningar á vanskilaskrá. Einnig er félaginu skylt skv. starfsleyfi að senda sömu aðilum tilkynningar um uppflettingar áskrifenda í starfsleyfisskyldum skráum félagsins.

Í umfjöllun í greinargerð um 4. gr. frumvarpsins segir meðal annars að þegar fram í sækir sé stefnt að því að fleiri aðilar geti nýtt pósthólfið til birtingar, þar á meðal lögmenn í tengslum við mál sem falla undir réttarfarslög sem og aðrir einkaaðilar sem birta ýmsar tilkynningar sem byggjast á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Gert er ráð fyrir skv. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins að það verði í höndum ráðherra að ákveða hvaða öðrum en opinberum aðilum verði heimilt að birta gögn í stafrænu pósthólfi og hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla.

Creditinfo telur að ef Ísland á að mæta þeim áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í sífellt örari tæknibreytingum sé nauðsynlegt að víkka gildissvið fyrirhugaðra laga þannig að þau nái í það minnsta jafnframt til þeirra tilkynninga sem einkaaðilum ber að senda samkvæmt lögum, reglum settum af hinu opinbera eða stjórnvaldsfyrirmælum. Telur félagið því nauðsynlegt að kveðið verði á um það í lögum hvaða öðrum en opinberum aðilum verði heimilt að birta gögn í stafrænu pósthólfi og hvaða skilyrði þeir aðilar þurfa að uppfylla.

Með slíkri breytingu yrðu markmið lagasetningarinnar, að auka gagnsæi, réttaröryggi og hagræði á mörgum sviðum samfélagsins sem og að styðja við frekari framþróun á stafrænni þjónustu fyrir almenning, tryggð enn frekar.

F.h. Creditinfo Lánstrausts hf.



Brynja Baldursdóttir  
Framkvæmdastjóri